

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslenska Álfélagið h.f., á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Jónassonar.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Hafsteins Baldvinssonar hrl., kr. 60.000, greiðist úr ríkissjóði svo og annar kostnaður stefnanda við rekstur málsins kr. 24.118,-.

Þriðjudaginn 28. janúar 1986.

Nr. 67/1983. **Kristinn Sveinsson og
Sigurjón Ragnarsson**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Íslenska Álfélaginu h.f.

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabætur utan samninga. Grennd. Orsakatengsl.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir, Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefndu 23. mars 1983. Þeir gera þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða þeim skaðabætur að fjárhæð 452.707,00 krónur auk 13% ársvaxta af fjárhæðinni frá 1. júlí 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl 1980, 43,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóv. 1982, 47% ársvaxta frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvaxta frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvaxta frá

þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvaxta frá þeim degi til 31. desember 1983, 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% ársvaxta frá þeim degi til 27. ágúst 1984, 25% ársvaxta frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. október 1984, 26% ársvaxta frá þeim degi til 25. október 1984, 27,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% ársvaxta frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% ársvaxta frá þeim degi til 21. ágúst 1985, en með hæstu lögleyfðu innláns-vöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur vísaði frá dómi kröfugerð áfrýjenda um bætur vegna afnotamissis íbúðarhúss og annars þess tjóns, er telja mætti eðlilega afleiðingu af því að föst búseta fólks í Straumi lagðist af, þar eða sá þáttur stefnukröfu væri eigi sérgreindur.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa áfrýjendur óskað eftir því við hina dómkvöddu matsmenn, þá er greinir í hinum áfrýjaða dómi, að þeir láti í té álit sitt á því, hvort unnt sé að sundurgreina matslið 1. í matsgerðinni, þannig að upplýst verði, hvernig matsfjárhæðin kr. 188.117,00 skiptist annars vegar í tapaðar leigutekjur fyrir íbúðarhúsið og hins vegar fyrir önnur mannvirki.

Í bréfi hinna dómkvöddu matsmanna, dags. 4. janúar 1986, telja þeir, að matsfjárhæðin undir matslið 1, um tapaðar leigutekjur, eigi að skiptast þannig:

Eftir íbúðarhús	kr, 86.363,00
Eftir önnur mannvirki	kr. 101.754,00
	kr. 188.117,00

Fyrir Hæstarétti hefur lögmaður áfrýjenda fallið frá kröfugerð á hendur stefnda vegna afnotamissis íbúðarhússins. Þykir því eins og hér hagar til eigi bera nauðsyn til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm sjálfkrafa og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju vegna þess galla á málsmeðferðinni að héraðsdómur dæmdi í sama dóminum málið að hluta að efni til og vísaði hluta þess frá dómi, sbr. 108. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Svo sem áfrýjendur hafa lagt málið fyrir Hæstarétt samkvæmt framansögðu verður við það að miða að þeir sæki stefnda um skaðabætur fyrir tjón er þeir hafi beðið af því að búrekstur lagðist af í Straumi eftir að leigutaki þeirra, Guðmundur Jónasson, fargaði kjúklingabústofni sínum um mitt ár 1977.

Ekki þykir nægilega leitt í ljós að orsök þeirra vanhalda sem urðu í kjúklingabústofni Guðmundar Jónassonar og síðan leiddu til þess að hann fargaði bústofninum og búrekstur lagist af í Straumi hafi verið skaðleg mengun frá álveri stefnda.

Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, þykir rétt að staðfesta sýknu- og málskostnaðarákvæði hans.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslenska Álfélagið h.f., á að vera sýkn af dómkröfum áfrýjanda, Kristins Sveinssonar og Sigurjóns Ragnarssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. janúar 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. desember 1982, var höfðað með stefnu birtri hinn 1. apríl 1980. Stefnendur eru þeir Kristinn Sveinsson, Hólastekk 5, Reykjavík, og Sigurjón Ragnarsson, Blikanesi 13, Garðkaupstað.

Stefndi er Íslenska Álfélagið h.f., Staumsvík við Hafnarfjörð.

Dómkröfur stefnenda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnendum skaðabætur að fjárhæð kr. 539.070.-, auk vaxta sem hér segir: 13% ársvaxta af fjárhæðinni frá 1. júlí 1977 til 21. nóv. 1977, en 16% ársvaxa frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 15. júní 1979, 34,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. sept. 1979, 39,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. des. 1979, 43,5% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að fjárhæð kr. 77.552,- samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi þeirra.

II.

Eigendur býlisins Straums við Hafnarfjörð, þeir Kristinn Sveinsson og Sigurjón Ragnarsson, ráku svínabú í Straumi og höfðu rekið um árabíl þegar samningi um álbræðslu við Straumsvík, dags. 28. mars 1966, var veitt lagagildi með lögum nr. 76 frá 13. maí 1966. Svínabúið ráku þeir til ársins 1968, er þeir förguðu svínunum og 1969 tóku þeir að ala upp kjúklinga. Kjúklingabúið ráku þeir til áramóta 1975—1976, en hinn 3. janúar 1976 gerðu stefnendur samning við Guðmund Jónasson, Breiðvangi 2 í Hafnarfirði, þess efnis, að Guðmundur tók á leigu öll jarðarhús, tæki og aðstöðu gegn leigugjaldi að fjárhæð gkr. 90.000,- á mánuði. Leigan skyldi miðast við byggingavísitölu og endurskoðast í janúar ár hvert. Bústofninn, þ.e. kjúklinga í uppeldi, keypti Guðmundur fyrir kostnaðarverð fundið með tilteknum hætti. Í samningnum er kveðið svo á að leigutaki geti sagt honum upp með 6 mánaða fyrirvara en þá skuli hann gefa leigusöllum „kost á að taka við búinu í rekstri á sama hátt og hann gerir nú og skulu þá verðmæti bústofsins reiknuð á sama hátt og nú er gert.“

Guðmundur rak kjúklingabú í eitt og hálft ár, þ.e. til júníloka 1977. Á þeim tíma sem hann rak búið varð hann fyrir stórfelldum vanhöldum á kjúklingum eða um 54%, en óeðlilegt er talið ef vanhöld á kjúklingabúum fara yfir 10%. Er vanhöldin reyndust svo þrálát taldi hann rekstrargrundvöll ekki vera fyrir hendi, enda verulegt tap á rekstrinum, og fargaði kjúklingstofninum. Þar eð Guðmundur taldi vanhöldin stafa af mengun frá álveri Íslenska Álfélagsins h.f. höfðaði hann skaðabótamál á hendur því til heimtu bóta vegna afurðatjóns. Hefur það mál verið rekið samhliða máli þessu og var dómur kveðinn upp í því í dag. Í þeim dómi var stefndi sýknaður.

Á fundi sínum hinn 22. mars 1977 gerði heilbrigðisráð Hafnarfjarðar svofellda samþykkt: „Heilbrigðisráð Hafnarfjarðar mælir eindregið gegn því að frekari búseta í nánd við álverið í Straumsvík sé leyfd.“ Harðarhús í Straumi, þ. á m. íbúðarhús, eru í um 900 m fjarlægð frá álveri stefnda. Fram kemur í fundargerð umrædds fundar heilbrigðisráðs, en fundarefnið var álverið í Straumsvík, að rök ráðsins fyrir samþykktinni voru þau að búseta fólks í nánd við álverið kynni að vera varhugaverð sakir loftmengunar frá því.

Meginmálsástæður stefnenda eru þær að þeir hafi af framangreindum ástæðum, sem stefndi beri ábyrgð á, ekki getað nýtt sér eignir sínar í Straumi til búrekstrar og búsetu og þannig orðið fyrir tjóni er nemi hinni umstefndu fjárhæð.

Dómkröfur sínar sundurliða stefnendur svo að þær séu tjón vegna:

1. Að hafa ekki getað nýtt mannvirki á landinu svo sem þeir áður gerðu með rekstri kjúklingabús kr. 1898.117,-
2. Að hafa þurft að leggja niður rekstur kjúklingabúsins — 208.653,-
3. Tjón á mannvirkjum sem hlotist hefur af því að engin búseta hefur verið á jörðinni síðan 1977 — 142.300,-

Samtals kr. 539.070,-

Framangreindar fjárhæðir eru að undanteknum kr. 50.000,-, niðurstöður mats dómkvaddra matsmanna, þeirra Gunnars Hólmsteinssonar viðskiptafræðings og Ólafs Pálssonar húsasmíðameistara. Matsgerð þeirra er dagsett hinn 12. febrúar 1982, en allar matsfjárhæðir miðast við 31. desember 1981 Verður nú efni matsgerðar nánar rakið:

Matsliður 1, tjón af því að hafa ekki getað nýtt mannvirki á landi jarðarinnar kr. 188.177,-, er einfaldlega leigufjárhæð sú er Guðmundur Jónasson hefði greitt fyrir tímabilið 1. júlí 1977 til 31. desember 1981, samkvæmt leigusamningi sínum, hefði hann ekki verið leystur frá honum. Matsmenn benda á að eðlilegt sé að vaxtareikna leigugreiðslur hverja um sig frá gjalddaga.

Matsliður 2, tjón af því að hafa þurft að leggja niður rekstur kjúklingabús er svo skýrður í matsgerð:

„Áhöld, matsfjárhæð kr. 12.883

Í ársreikningi Straumsvíkurbúsins fyrir árið 1975 er að finna skrá yfir vélar og áhöld, sem að frátöldum gömlum afskrifuðum áhöldum eru skráð á kostnaðarverði, samtals gkr. 663.512. Kostnaðarverð þetta er á mismunandi verðgildi áráanna 1970—1974. Samkvæmt ársreikningnum hafa þessi kostnaðarverð verið afskrifuð með hámarksafskrift gildandi skattalaga, 12,5%. Í mati því, sem hér er framkvæmt, er gefin sú forsenda að líftími þessara eigna sé 10 ár og þær afskrifist hlutfallslega ár hvert á meðan búið var í rekstri og bætur eru metnar, þ.e. til ársloka 1981. Eftirstöðvar þess kostnaðarverðs, sem þá verður eftir, eru framreiknaðar með stuðli kaupárs (meðaltalshækkun byggingavísitölu á milli ára) til ársbyrjunar 1981 og síðan með hækkun sömu vísitölu til ársloka 1981.

Hreinsun, frágangur, matsfjárhæð kr. 4.800

Matsmenn telja að eigendur jarðarinnar hafi við það að

leggja niður búið, borið kostnað af því að hreinsa, þrifa og fjarlægja allt, sem skemmdum gæti valdið. Gengið var þannig frá mannvirkjum að þau varðveittust sem best.

Varsla, eftirlit, matsfjárhæð kr. 66.900

Vegna þess að ekki var búseta á jörðinni, er talið rétt að meta kostnað við vörslu og eftirlit mannvirkja. Þessa þjónustu hefði leigutaki innt af hendi, ef honum hefði verið það unnt.

Umbúðir, matsfjárhæð kr. 30.710

Við vettvangskönnun var gerð talning á umbúðum í Straumsvíkurbúinu, sem eigendur óskuðu að teknar væru til mats. Verðlagning er miðuð við svipaðar umbúðir á verðlagi síðari hluta árs 1981, skv. upplýsingum framleiðenda.

78 ks. × 225 öskjur, áprentaðar með litmyndum.

3 litir: 17.550 öskjur á 1.50

samtals kr. 26.325

Plastpokar, áprentaðir

17.550 stk. á 0.25 4.385

kr. 30.710

Stöðvun rekstrar, matsfjárhæð kr. 43.360

Við stöðvun rekstrar kjúklingabús er eðlilegur rekstrarhringur rofinn. Tíma tekur að ala upp kjúklinga og finna afurðum markað að nýju. Verður þetta allt mun dýrara en þegar bú er í órofum rekstri.

Ennfremur tekur tíma að koma mannvirkjum og aðstöðu í rekstrarhæft ástand að nýju eftir slíka rekstrarstöðvun. Bætur fyrir þetta eru ætlaðar sem svarar 6 mánaða leigutekjum á verðlagi desember 1981.

Markaðstap, ómetið kr.

Það er ljóst að Straumsvíkurbúið hafði byggt upp markað fyrir afurðir sínar og aflað traustra viskiptasambanda. Það verður að líta svo á, að afnot af þessum markaði felist í leigusamningi um búið og eigendur njóti arðs af honum á meðan þeir höfðu tekjur skv. samningnum eða fá bætur fyrir hann.

En þegar framleiðslu er hætt og markaðinum er ekki lengur

þjónað er opnuð leið fyrir aðra framleiðendur í auknum mæli. Ef og þegar rekstur verður hafinn að nýju eru markaðsaðstæður allt aðrar en hefðu verið, ef búið hefði verið í stöðugum rekstri.

Það er skoðun matsmanna, að eigendum jarðarinnar beri bætur fyrir tap á þessum markaði, en vegna skorts á upplýsingum og haldgóðri viðmiðun treysta þeir sér ekki til að meta þá fjárhæð.

Matsliður 2, samt. kr. 158.653.“

Liðinn markaðstap vill stefnandi áætla kr. 50.000 og er þá kominn liður 2 í sundurliðun stefnukrafna, þ.e. kr. 158.653,- + 50.000 = kr. 208.653,-.

Matsliður 3, tjón á mannvirkjum sem hlotist hefur af því að engin búseta hefur verið á jörðinni, er svo skýrður í matsgerð:

„Upplýst var að eigendur hafa haldið uppi eftirliti með mannvirkjum eftir föngum og m.a. gangsett rafstöð, sem er á staðnum, reglulega.

Tekist hefur að halda útihúsum í allgóðu horfi, en íbúðarhús er illa farið vegna þess að þar hefur enginn búið og húsið því ekki hitað.

Ljóst er að bæði íbúðarhús og útihús hafa verið vel þrífín og viðskilnaður góður þegar búrekstur lagðist niður.

Niðurstöður í mati þessu eru við það miðaðar að koma íbúðarhúsi og útihúsum í nothæft ástand, eins og þau voru þegar búskapur lagðist niður. Til þess að gera íbúðarhúsið íbúðarhæft að nýju er talið nauðsynlegt að endurnýja allar þiljur rishæðar, skipta um gólfduka og mála húsið í hólfi og gólf að innan, matsfjárhæð kr. 95.000

Yfirfara og lagfæra hita- og raflögn íbúðarhúss, matsfjárhæð kr. 4.000

Til þess að gera útihúsin nothæf að nýju til reksturs kjúkl-ingabús í því formi, sem það var rekið, er talið nauðsynlegt að hreinsa veggi og loft og mála að nýju, auk nokkurra viðgerða á sláturhúsi, og að yfirfara raflögn og pípulögn, matsfjárhæð kr. 33.800

Aðföng efnis, akstur, hreinsa og rífa ónýtt efni, matsfjárhæð	kr. 9.500
Matsliður 3, alls	kr. 142.300.“

IV.

Þá málsástæðu að mengun frá álveri stefnda hafi leitt til stöðvunar búrekstrar byggir stefnandi í fyrsta lagi á því að við rannsókn á beinösku 5 vanþrifakjúklinga frá Straumi, er Rannsóknastofnun Iðnaðarins framkvæmdi vorið 1977 greindist 44% hærra flúorgildi en í 5 kjúklingum frá Móum á Kjalarnesi er rannsakaðir voru til samanburðar, en þeir voru úr sömu útungun og höfðu verið fóðraðir á samskonar fóðurlöndu, í öðru lagi á því að við vefjameinafræðilega rannsókn, er fór fram við Cornellháskóla í Bandaríkjunum á tveim kjúklingum frá Straumi, greindust einkenni sem í rannsóknarskýrslunni er ákveðið fullýrt að séu einkenni langvinnar flúoreitrunar og loks á því að við rannsókn sem fram fór við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum á 15 kjúklingum frá Straumi, er drepist höfðu og 10 vanþrifakjúklingum er slátrað var, fundust engir þekktir hæsnasjúkdómar. Þannig telur stefnandi sannað með beinöskumælingum og líffræðilegum rannsóknum, að kjúklingarnir hafi verið haldnir flúoreitrun og jafnframt að aðrar ástæður en mengun frá álverinu séu útilokaðar. Bendir stefnandi á að samkvæmt mælingum var flúormengun í nánd við álverið iðulega yfir mengunarstöðlum vegna gróðurverndar, 0,002 mg F/m³ og til er mæling í nánd við álverið er sýndi 0,094 mg F/m³, sem er nær fjórfalt það sem miðað er við sem mengunarmörk vegna heilsuverndar almennings miðað við norskan staðal sem gefur upp markgildið 0,025 fyrir langdvalir. Svipað komi fram þegar hugað sé að brennisteinstvíoxíði, staðall gefi upp 0,06 mg/m³ fyrir langdvalir en mælst hafi gildin 0,07. Allur vafi um þetta efni eigi að teljast stefnda í óhag þar sem stefndi hafi gersamlega vanrækt allar mengunarvarnir.

Ályktun heilbrigðisráðs Hafnarfjarðar hafi í raun verið bann við búsetu í Straumi. Sú ályktun hafi verið rökrétt afleiðing af starfsemi stefnda og beri stefnda að bæta það tjón sem stefnandi varð fyrir vegna þess að hann fór eftir umræddum fyrirmælum heilbrigðisýfirvalda.

Helstu málsástæður stefnda eru þær, í fyrsta lagi að stefndi sé undanþeginn ábyrgð skv. ákvæðum 12. gr. samnings um álbræðsluna í Straumsvík, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 76/1966, í öðru lagi að orsakasamband sé ekki fyrir hendi milli starfsemi stefnda og þess að búrekstur og búseta lagðist niður í Straumi og í þriðja lagi að ályktun heilbrigðisráðs Hafnarfjarðar frá 22. mars 1977 sé byggð á röngum forsendum og stefnda með öllu óviðkomandi.

Loks mótmælir stefndi kröfugerð stefnenda sem tölulega alltof hárrí.

Að því er varðar 12. gr álsamningsins þá telur stefndi í fyrsta lagi að ákvæðið verði að skýra svo að búskapur og garðyrkja sé jafnan undanskilin ábyrgð og í öðru lagi að kjúklingabúskapur sá, er lagðist niður í Straumi 1977, hafi ekki verið „núverandi afnot“ í merkingu umrædds ákvæðis, stefnendur hafi rekið svínabú er ákvæðið var sett en það hafi verið rekstur kjúklingabús sem aflagðist 1977.

Að því er varðar orsakasamband milli starfsemi stefnda og þess að vanhöld urðu á kjúklingabúinu í Straumi og tap á rekstri þess þannig að hann lagðist af, þá heldur stefndi því í fyrsta lagi fram, að ósannað sé að umræddir kjúklingar hafi drepist úr flúoreitrun, og í öðru lagi að mengunarmælingar Flúornefndar svo og aðrar mælingar sýni að mengun í Straumi hafi verið undir alþjóðlegum stöðlum vegna umhverfisverndar og auk þess sé fræðilega útilokað — þar sem sannað sé að hvorki fóður né vatn umræddra kjúklinga mengaðist frá álveri stefnda — að loftmengun hafi valdið skaðvænni flúorupptöku í líkama umræddra kjúklinga. Skaðvæn flúorupptaka um öndunarveg við þær aðstæður sem fyrir hendi voru í Straumi sé fræðilega útilokuð og þannig sé beinínis sannað að umrædd kjúklingavanhöld hafi ekki verið af völdum flúormengunar.

Að því er varðar ályktun heilbrigðisráðs Hafnarfjarðar frá 23. mars 1977, þá bendir stefndi á svohljóðandi kafla í fundargerð umrædds fundar:

„Að lokum bar Grímur Jónsson fram fyrirspurn sem honum hafði borist frá eiganda alifuglabús að Straumi, Guðmundi Jónassyni, um hvort honum væri heimilt að ráða starfsfólk til búsetu á staðnum, en slíkt hefði tíðkast um árabíl.

Að fengnu álit P.S. um að mengun þarna kynni að vera meiri en í kerskálum, samþykkti ráðið eftirfarandi:

„Heilbrigðisráð Hafnarfjarðar mælir eindregið gegn því að frekari búseta í nánd við álverið í Straumsvík sé leyfð.“

Telur stefndi hina tilvitnuðu bókun taka af öll tvímæli um að ályktun ráðsins hafi verið byggð á röngum upplýsingum og útkoman hafi orðið sú, að ályktun, sem gerð var, hafi orðið í senn efnislega óréttmæt og haldin þeim annmörkum er leiði til ógildis og ógildanleika stjórnarathafna. P.S., þ.e. Pétur Sigurjónsson verkfræðingur, forstöðumaður Iðntæknistofnunar og formaður Flúornefndar, hafi komið á fund ráðsins og veitt þær upplýsingar, að mengun í Straumi kynni að vera meiri en inni í kerskálum verksmiðjunnar. Að halda slíku fram stangist á við heilbrigða skynsemi og gangi þvert á öll þekkt náttúrulögmál, það geti augljóslega aldrei orðið nema ofurlítið brot af útblásturslofti verskiðjunnar sem berist að stað á jörðu niðri í nær kílómetra fjarlægð og auk þess sé fram komið að það sé aðeins um 3—5% af árinu sem vindur standi af álverinu á Straum. Pétur Sigurjónsson hafi, þegar hann kom fyrir dóminn sem vitni, hinn 17. maí 1982,

nánast tekið umrædda fullyrðingu aftur. Þá hafi stefnda ekki verið gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum áður en heilbrigðisráð tók umrædda ákvörðun. Loks hafi ráðið ekki haft samráð við æðra sett stjórnvald, þ.e. Heilbrigðiseftirlit ríkisins, áður en ákvörðun var tekin.

Töluleg mótmæli stefnda lúta bæði að kröfugerðinni í heild og einstökum liðum þ. á m. liðnum umbúðir kr. 30.710,- þar sem stefndi bendir á að samkvæmt leigusamningnum frá 3. janúar 1976 keypti leigutakinn Guðmundur Jónasson umbúðabirgðir á kr. 100.000,-, sem ætla verði að hafi verið allar þær umbúðir er þá voru fyrir hendi og ekki sé fram komið, að stefnendur hafi keypt, t.d. fengið uppí vangoldna leigu, þær umbúðir er eftir voru er Guðmundur hætti rekstri.

V.

Álit réttarins:

Það er ósannað að kjúklingavanhöld þau í Straumi er leiddu til stöðvunar búrekstrar hafi verið afleiðing af álversrekstri stefnda. Kjúklingabúskap var unnt að reka í Straumi þótt þar væri ekki föst búseta fólks og ekkert er fram komið er sýni að mengun þar hafi verið slík að ekki væri áhættulaust að vinna á kjúklingabúinu venjulegan vinnudag. Þegar af þessari ástæðu verður að sýkna stefnda af þeim kröfufliðum er lúta að stöðvun búrekstrar.

Stefnendur hafa ekki í kröfugerð sinni sérgreint þann þátt stefnukröfu er byggður er á afnotamissi íbúðarhúss eða annað það tjón er telja mætti eðlilega afleiðingu af því að föst búseta fólks í Straumi lagðist af. Að svo vöxnu eru því ekki efni til að fjalla um bótagrundvöll þessara kröfubátta, þeim verður þegar af síðastgreindri ástæðu vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson, héraðsdómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Jóhanni Axelssyni, prófessor, og dr. Þorvaldi Veigari Guðmundssyni, dósent.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslenska Álverið h.f., á að vera sýkn af þeim þáttum í dómkröfu stefnenda, Kristins Sveinssonar og Sigurjóns Ragnarssonar, sem lúta að tjóni vegna stöðvunar búrekstrar.

Þeim hluta dómkrafna stefnenda, sem lúta að afnotamissi íbúðarhúss, er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.